

## Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands 11. desember 2024

**Fyrirlesari:** Guðrún Nordal, prófessor

**Efni:** „Konur í Laxdælu og Sturlungu“

**Mættir:** 96 skráðir, félagsmenn og nokkrir gestir.

Formaður setti fund kl. 16 og fór stuttlega yfir það sem er á döfinni hjá Öldungadeildinni, en framundan eru Læknadagar 2025 þar sem Öldungadeildin sér um tvö framlög, málþing og hádegisfund. Hann kynnti síðan fyrirlesara dagsins, Guðrúnu Nordal, prófessor og forstöðumann Árnastofnunar. Guðrún sýndi okkur inn í horfinn heim kvenna á löngu liðnum öldum. Laxdæla sker sig úr hópi Íslendingasagna fyrir það hvað konur gegna þar mikilvægu hlutverki. Því hafa verið uppi hugmyndir um að kona gæti verið höfundur hennar. Eftir endurtekinn lestur á Sturlungu fór Guðrún að veita athygli merkiskonu sem bjó með dóttur sinni og dótturdætrum í Sælingsdalstungu eins og Guðrún Ósvífursdóttir forðum. Þetta var Jóreiður Hallsdóttir, óvenjuleg atgerviskona og stórættuð, komin af lærdómsfólki. Hún varð ung ekkja, rétt eins og Guðrún, og það átti líka að gefa hana aftur. En, ólíkt Guðrúnu, kom hún sér undan þessu þvingaða hjónabandi með hungurverkfalli, en ekki var það átakalaust. Helga, einkabarn Jóreiðar, varð kona Sturlu Þórðarsonar sagnaritara og dvaldi með honum um skeið í Noregi við mikla sæmd. Dætur þeirra tvær, Ingibjörg og Guðný, voru notaðar sem skiptimynt í skipulögðum hjónaböndum barna stríðandi höfðingja, eins og alsiða var. Guðrún Ósvífursdóttir og Jóreiður áttu það líka sameiginlegt að dragast inn í blóðug atök samtímans og verða fyrir miklum missi í grimmdarverkum. Á þessum tíma var ritmenning mikil í Dölnum og klaustrið á Helgafelli miðpunktur. Á ritunartíma Laxdælu bjuggu því í Sælingsdalstungu stórlýndar konur sem reyndu að fara sínar eigin leiðir og ekki ósennilegt að upphafs sögunnar sé að leita hjá þeim. Að loknum fyrirlestri spunnust fjörugar umræður, enda margir félagsmenn áhugasamir og vel að sér um efnið. Sumir drógu í efa að konur hefðu skrifað og benti Guðrún þá á lærdóm klaustranna og íslenska ritmálið sem festist í sessi með málfræðiritgerðinni. Í Íslendingasögnum er oft sagt frá miklum hörmungum, og líkjast þær að því leyti grísku harmleikjunum, en lítið fer þar fyrir fyrirgefningu.